

Bankasýsla ríkisins
Borgartún 3
105 Reykjavík
Sent með rafrænum hætti gegnum útboðsvef Ríkiskaupa

Reykjavík, 12.febrúar 2021

Ósk um yfirlýsingar vegna áhuga á mögulegu hlutverki fjármálaráðgjafa og umsjónaraðila með sölu

1. Yfirlýsing um hvaða hlutverki aðilinn vill sinna

Kvíka banki lýsir yfir áhuga á að taka að sér hlutverk sjálfstæðs fjármálaráðgjafa (sbr. liður a). Bankinn býr yfir viðeigandi þekkingu og hæfni og hefur yfirbyggingu til að taka að sér hlutverk sjálfstæðs fjármálaráðgjafa fyrir hönd Bankasýslunnar.

Kvíka telur þó heppilegustu leiðina fyrir Bankasýsluna vera samstarf alþjóðlegs aðila, með viðeigandi reynslu af svipuðum verkefnum á evrópska efnahagssvæðinu, og innlends aðila sem býr yfir viðamikilli þekkingu á íslenskum fjármálamörkuðum og starfsumhverfi íslenskra fjármálastofnana.

Kvíka lýsir einnig yfir áhuga á að taka að sér hlutverk leiðandi og annarra umsjónaraðila með útboði og skráningu hluta (sbr. lið b).

2. Upplýsingar um nafn ráðgjafa, heimilisfang, símanúmer, netföng ásamt upplýsingum um tengilið

Kvíka banki hf. er sérhæfður banki sem er leiðandi í eignastýringu og fjárfestingastarfsemi. Bankinn starfar fyrir afmarkaða markhópa og leggur áherslu á að þjónusta viðskiptavini sína vel. Stærð bankans gerir honum kleift að aðlagast umhverfi sínu með það að markmiði að viðhalda arðsemi og þjónusta viðskiptavini. Bankinn er reiðubúinn að nýta innviði og efnahagsreikning sinn til öflunar tekna, t.d. með því að nýta lánaferla til þess að lána samhliða öðrum. Bankinn skilgreinir fjögur aðal tekjusvið:

Fyrirtækjasvið fjármagnar fyrirtæki og fjárfestingar viðskiptavina bankans. Einnig nýtir fyrirtækjasvið innviði bankans til þess að miðla lánnum til annarra stofnanafjárfesta. Nýjasta við bótin við þjónustuframboð Kvíku er Auður, fjármálaþjónusta á netinu sem býður sparnaðarreikninga með hagstæðum innlánsvöxtum.

Eigna- og sjóðastýring leggur áherslu á að veita viðskiptavinum breitt þjónustuframboð til þess að fjárfesta innanlands sem og á erlendum mörkuðum. Áhersla er lögð á að vera leiðandi í eigna- og sjóðastýringu með langtímahagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi.

Markaðsviðskipti veita viðskiptavinum alhliða þjónustu á sviði verðbréfa- og gjaldeyris-miðlunar.

Fyrirtækjaráðgjöf veitir ýmiss konar ráðgjöf tengda fjárfestingum og fjármögnun. Áhersla er lögð á kaup og sölur fyrirtækja og skráningu verðbréfa.

Kvika starfrækir einnig tvö bresk dótturfélög, Kvika Securities Ltd. og Kvika Advisory Ltd., en aðsetur þeirra er í Lundúnum. Starfsemi Kviku í Bretlandi miðar að því veita framúrskarandi þjónustu við viðskiptavinum bankans með því að opna þeim aðgang að fjárfestingartækifærum erlendis og veita ráðgjöf við erlenda fjármögnun og aðra alþjóðlega viðskiptagerninga.

Kvika banki hf.

Katrínartúni 2
105 Reykjavík
s. 540-3200

Tengiliður:

Baldur Stefánsson
s. 820-6582
baldur.stefansson@kvika.is

- 3. Upplýsingar um hæfni og reynslu ráðgjafa eins og kemur fram í viðmiðum við ráðningu**
Sjá viðauka A, B, C og D í viðhengi.
- 4. Stutt ferilsskrá lykilstarfsmanna sem munu leiða verkefnið**

Marinó Örn Tryggvason, forstjóri

Marinó Örn Tryggvason hóf störf sem aðstoðarforstjóri Kviku í ágúst 2017 og tók við sem forstjóri í maí 2019. Marinó starfaði áður í eignastýringu Arion banka og forvera bankans frá árinu 2002. Á árunum 2014 til 2017 var Marinó aðstoðarframkvæmdastjóri eignastýringar Arion banka og á árunum 2007 til 2014 var hann forstöðumaður eignastýringar fagfjárfesta. Marinó sat í stjórn Varðar Trygginga frá 2016 til 2017. Marinó er með BSc í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og hefur lokið prófi í verðbréfavíðskiptum.

Ármann Þorvaldsson, aðstoðarforstjóri

Ármann Þorvaldsson hóf störf sem aðstoðarforstjóri Kviku í maí 2019 en hafði áður starfað sem forstjóri bankans frá því í júní 2017. Ármann hefur starfað á fjármálamarkaði í rúm tuttugu ár. Á árunum 1997 til 2005 var hann framkvæmdastjóri fyrirtækjaráðgjafar Kaupþings og frá 2005 til 2008 framkvæmdastjóri Kaupþings Singer & Friedlander í Bretlandi. Síðar starfaði hann sem framkvæmdastjóri hjá fasteignalánafélaginu Ortus Secured Finance í London þar til hann gekk til liðs við Virðingu árið 2015. Hann starfaði hjá Virðingu þar til hann var ráðinn forstjóri Kviku, síðast sem framkvæmdastjóri fyrirtækjaráðgjafar. Ármann útskrifaðist með MBA gráðu frá Boston University árið 1994 og er með BA gráðu í sagnfræði frá Háskóla Íslands.

Baldur Stefánsson, framkvæmdastjóri fyrirtækjaráðgjafar

Baldur hóf störf hjá Kviku í september 2017. Hann hefur yfir 20 ára reynslu af fjárfestingarbankastarfsemi og fyrirtækjaráðgjöf bæði innanlands og á alþjóðavettvangi. Baldur kom til Kviku í kjölfar kaupa bankans á íslensku starfsemi norræna fjárfestingarbankans Beringer Finance þar sem Baldur var framkvæmdastjóri. Áður en Baldur gekk til liðs við Beringer Finance var hann meðeigandi og meðstofnandi í fjármálafyrirtækinu Arctica Finance í átta ár og þar áður verkefnastjóri í fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans í fimm ár. Hann hefur í þessum störfum leitt mörg umfangsmikil fyrirtækjaráðgjafarverkefni innan lands, sem á milli landa, í ýmsum atvinnugreinum. Baldur nam hagfræði og stjórnmálafræði við HÍ á árunum 1992-1994 og útskrifaðist með MBA gráðu frá IESE í Barcelona árið 2004.

Bjarni Eyvinds, framkvæmdastjóri markaðsviðskipta

Bjarni Eyvinds hóf störf hjá Kviku árið 2009 og tók við sem framkvæmdastjóri markaðsviðskipta árið 2010. Hann hefur starfað á fjármálamörkuðum í yfir 15 ár. Áður en Bjarni hóf störf hjá Kviku starfaði hann sem hlutabréfamiðlari hjá Straumi fjárfestingarbanka. Þar áður var hann hjá MP fjárfestingarbanka þar sem hann tók þátt í því að byggja um verðbréfamiðlun og eigin viðskipti MP fjárfestingarbanka. Að námi loknu hóf Bjarni störf hjá Spron þar sem hann starfaði í eignastýringu og síðar eigin viðskiptum. Bjarni er með BBA gráðu frá George Washington University og hefur lokið prófi í verðbréfamiðlun.

5. Staðfesting á viðeigandi starfsleyfum aðila

Kvika banki er fjármálafyrirtæki í samræmi við lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, með síðari breytingum (lög um fjármálafyrirtæki), og er undir eftirliti Fjármálaeftirlits Íslands. Kvika er með starfsleyfi til að starfa sem viðskiptabanki.

Dótturfélög Kviku starfa undir eftirliti breska fjármálaeftirlitsins (e. Financial Conduct Authority) og hafa starfsleyfi til reksturs sérhæfðra sjóða, eignastýringar og fyrirtækjaráðgjafar.

Sjá starfsleyfi meðfylgjandi í viðhengi.

6. Staðfesting á að aðili hafi kynnt sér ákvæði laga nr. 155/2012 um sjálfbærnistefnu og markmið Íslandsbanka hf.

Hér með staðfest að fulltrúar Kviku banka hafa kynnt sér ákvæði laga nr. 155/2012 um sjálfbærnistefnu og markmið Íslandsbanka hf.

7. Samþykki fyrir að birta yfirlýsingu með opinberum hætti

Kvika banki veitir hér með samþykki fyrir að birta megi yfirlýsinguna með opinberum hætti.

8. Önnur atriði sem mögulegur ráðgjafi telur mikilvægt að koma á framfæri

F.h. Kviku banka hf.

Undirritunarsíða

Baldur Stefánsson